



Fréttabréf Brekkuskóla

31. maí 2010
4. tbl. skólaárið 2009- 2010
Ábyrgðarmaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Nú er þetta skólaár senn á enda. Þegar litið er yfir farinn veg hefur margt áunnist. Fyrst skal nefna samtakamátt allra starfsmanna skólans við að finna sparnaðarleiðir innan stofnunarinnar án þess þó að skerða þjónustuna. Eftir að hafa skilað góðum árangri í þeim efnum munum við áfram kappkosta að halda okkur innan þess fjárhagsramma sem skólanum er úthlutað.

Fyrsta framkvæmdaár *uppbyggingarstefnunnar* hefur farið fram úr okkar björtustu vonum og sömuleiðis fyrsta innleiðingarár *byrjendalæsis* á yngsta stigi, en í ár var byrjendalæsi kennt í 2. bekk. Á næsta skólaári munu allir kennarar á yngsta stigi ganga í gegnum þjálfun og smíðjur undir handleiðslu starfsfólks skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Leiðtogi skólans í Byrjendalæsi verður Rut Indriðadóttir. Á miðstigi höfum við verið að vinna með *Orð af orði* sem er komið vel á veg en framhald verður á því verkefni næsta vetur.

Við höfum verið að endurskoða skólanámskrá skólans og kennsluáætlanir í einstökum námsgreinum. Tókum við mið af því hvort samfella er í kennslunni, skoðað hvað kennt er á hverju námsári, athugað hvort fjölbreyttir kennsluhættir eru notaðir og hugmyndum miðlað, lýðræði í skólastarfinu er gefinn gaumur og félagsleg markmið námsgreinanna ígrunduð. Fjölbreytt námsmat er það sem við erum að prófa okkur áfram með, eins erum við að velta fyrir okkur þeim tækifærum sem felast í fjölbreyttum námsgögnum.

Á næsta skólaári mun undirrituð verða í námsleyfi frá Brekkuskóla og Stella Gústafsdóttir deildarstjóri sem verið hefur í barnseignarleyfi í vetur mun leysa aðstoðarskólastjóra af. Sigríður G. Pálmasdóttir og Sigfríð Einarsdóttir verða einnig í leyfi frá störfum, en Erla Rán Kjartansdóttir kemur úr barnseignarleyfi í desember.


Frá okkur hverfa Ingibjörg Lórenz, Oddný Snorradóttir, Sigurbjörg Jónsdóttir og Björg Dagbjartsdóttir. Starfsfólk þakkar þeim innilega fyrir farsælt og ánægjulegt samstarf.

Með sumarkveðju;
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólastjóri

Skólaslit

Skólaslit Brekkuskóla þriðjudaginn 8. júní 2010
verða sem hér segir:

1.- 3. bekkur kl. 11:00
8.- 9. bekkur kl. 12:00
4. - 7. bekkur kl. 13:00
vv10. bekkur kl. 15:30



Foreldrar, forráðamenn, kennarar og aðrir velunnarar skólans eru hjartanlega velkomnir á skólaslitin.

Framundan...

1. júní

Aðalfundur foreldrafélagsins

7. júní

Vorgrill og leikir

Nemendur fara heim eða í Frístund
að loknum matartíma.

8. júní

Skólaslit

Sjá auglýsingu hér í blaðinu.

9. - 11. júní

Starfsdagar

Nemendur komnir í sumarfrí

Sumarleyfi

Á nýju skólaári mæta nemendur í
viðtöl samkvæmt boðun þar um
mánudaginn 23. ágúst eða
þriðjudaginn 24. ágúst. Boð verða
send út í netpósti í byrjun ágúst.

Munið aðalfund foreldrafélagsins !

Sjá auglýsingu aftur í
blaðinu...



Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is
brekkuskoli@akureyri.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Tuttugu nemendur úr Brekkuskóla settust á skólabekk á Spáni

Alþjóðlegt samstarf hefur sannarlega sett svip sinn á skólahald í Brekkuskóla í vetur. Nýlega heimsóttu 20 nemendur, 2 kennarar og 3 foreldrar skóla í Pobra do Caraminal á Spáni og var verið að endurgjalda heimsókn 20 spænskra nemenda og 4 kennara fyrr í vetur. Nemendur í spænsku valgrein fengu styrk úr Comeniusarsjóði ESB til nemendaskiptanna og tókst samstarfið með eindæmum vel. Nemendur sóttu skóla, bjuggu inni á heimilum og tóku þátt í frístundum með innlendum félögum sínum. Spánarferðin átti upphaflega að standa í 10 daga en endaði í 15 þar sem Eyjafjallajökull setti strik í reikninginn. Fyrir vikið vakti hópurinn mikla athygli í fjölmiðlum ytra og var m.a í fréttum á 5 sjónvarpsstöðvum. Brekkuskóli er einnig að ljúka öðru Comeniusarverkefni um þessar mundir þar sem kennarar ferðuðust milli landa og skipulögðu sameiginleg verkefni fyrir skólana 6 sem í verkefninu voru. Þema verkefnisins var matarmenning og hollusta og tók Brekkuskóli á móti 17 kennurum úr því verkefni fyrr á þessari önn.



Í Spánarferðinni var farið í margar vettvangsferðir m.a. siglt til eyjarinnar Sálvora.

Svipmyndir úr vorskólanum vorið 2010



Menntun



Gleði



Umhyggja

Framfarir

Sérkennarar skólans verða: Helga Sigurðardóttir, Margrét Þóra Einarsdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir og Rut Indriðadóttir.

Myndmenntakennarar: Polly Rósa Brynjólfssdóttir yngri nemendur og Jóhannes Rademaker eldri nemendur

Íþróttakennarar: Birna Baldursdóttir, Ingibjörg Ólöf Isaksen, Kári Ellertsson, Jóhannes Gunnar Bjarnason og Sævar Árnason.

Handmenntakennarar: Ágústa Karlsdóttir og Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Smiðakennari: Jóhann Karl Sigurðsson

Heimilisfræðikennari: Anna Guðný Sigurgeirsdóttir

Upplýsingatæknikennarar: Sigríður Margrét Hlökkversdóttir og Snorri Óskarsson. Einnig sjá margir umsjónarkennarar um upplýsingatæknikennslu í sínum bekkjum.

Aðalfundur foreldrafélagsins

**Aðalfundur foreldrafélags
Brekkskóla verður haldinn
þriðjudaginn 1. júní kl. 20:00
á sal skólans.**

Fundarefni:

- Skýrsla stjórnar
- Skýrsla gjaldkera
- Erindi skólastjórnenda
- Erindi vegna verkefnisins – "Hreyfistrætó"
- Kosning til stjórnar
- Önnur mál - umræður



**Mætum öll og eigum saman
skemmtilega stund! - Stjórnin -**

Byrjendalæsi

Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð yngstu nemendum grunnskólans. Þessi kennsluaðferð hefur verið mótuð og þróuð við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri. Meginmarkmið þessarar aðferðar er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni.

Jafnframt er gengið út frá því að börn þurfi áhugavert lesefni sem glæðir ímyndunarafl og gagnrýna hugsun og er tengt við þeirra daglega líf. Barnabækur, ljóð og fræðibækur eru grundvöllur lestrarkennslunnar ásamt fjölbreyttum kennsluaðferðum sem miða að einstaklingsmiðun og markvissum vinnubrögðum.

Kennararnir sem taka þátt í verkefninu sækja námskeið í upphafi næsta skólaárs og í framhaldi af því sækja þeirra fjórar smíðjur sem dreifast yfir skólaárið. Þá er farið nánar í vinnuaðferðir og leiðir og kennarar miðla hver öðrum af reynslu sinni. Að auki fá kennararnir persónulega leiðsögn og ráðgjöf frá sérþjálfuðum leiðtogum og frá starfsmönnum HA. Allir þessir þættir miða að því að festa ný vinnubrögð sem best í sessi.

Í Brekkuskóla höfum við verið með svokallað lesver þar sem nemendur hafa komið daglega í lestrarþjálfun hjá lestrarþjálfara. Árangur þess starfs hefur skilað nemendum góðum árangri og því viljum við halda í þetta fyrirkomulag eins og kostur er. Heimalestur nemenda í umsjón foreldra verður áfram á sínum stað.

Uppbyggingarstefnan

Við setjum skýr mörk milli hegðunar sem er ásættanleg og þeirrar hegðunar sem er ekki hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg/ásættanleg.

Ef hegðun er óásættanleg hefur nemandinn tvær leiðir til lausnar á málum sínum:

Leið 1) Nemandi velur að fara milda og árangursríka leið - uppbyggingu.

Leið 2) Nemandi velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna - viðurlög.

Velji nemandi leið 1 og honum mistekst aftur er leið 2 farin og foreldrar kallaðir til samstarfs.

Umsjónarkennarar nemenda næsta skólaárs eru sem hér segir:

1. bekkur: Sigrún Héðinsdóttir og Ragnheiður Ólafsdóttir.
2. bekkur: Sigurlína Jónsdóttir og Hjördís Óladóttir.
3. bekkur: Berglind Gunnarsdóttir og Halla Kristín Túliníus.
4. bekkur: Erna Jónsdóttir og Hólmfríður Árnadóttir
5. bekkur: Sunna Guðmundsdóttir og Þorgerður Guðmundsdóttir
6. bekkur: Karen Ingimarsdóttir og Garðar Þorsteinsson.
7. bekkur: Auður Eypórsdóttir, Árpóra Ágústsdóttir og Arna Heiðmar Guðmundsdóttir.
8. bekkur: Helena Sigurðardóttir og Þorvaldur Gröndal.
9. bekkur: Svanhildur Sæmundsdóttir og óráðið
10. bekkur: Hanna Dóra Markúsdóttir og Sævar Árnason.

Væntanlegur fjöldi nemenda í
Brekkskóla í sept. **470** nemendur
Starfsmenn eru **72** í mismunandi
starfshlutföllum.

Foreldrar / forráðamenn

Mikið hefur safnast upp af óskilamunum í vetur.

Vinsamlegast lítið við og sjáið hvort þið kannist við
eitt hvað af þessum fatnaði.



Óskilamunir verða gefnir til
Rauða krossins í sumar.

Skólaliðar



Verk eftir nemendur

Vefsíða Brekkuskóla
www.brekkuskoli.is



MUNIÐ HAFRAGRAUTINN ALLA MORGNA!

Hafragrautur er borinn fram í matsal Brekkuskóla alla skóladaga kl.07:45—07:58

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir